

Tillaga

Viðtakandi: bæjarráð

Efni: Lokun tjaldsvæðis á Varmárhól

Dags: 6. febrúar 2023

Málsnúmer: 202302067/-

Sendandi: Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Tillaga:

Tjaldsvæði Mosfellsbæjar á Varmárhól var opnað árið 2011 og hefur á undanförunum árum fyrst og síðast verið nýtt af húsbílæigendum á sumrin og fram í september.

Tjaldsvæðið á Varmárhól var lokað í byrjun sumars 2022 vegna umfangsmikilla framkvæmda við Kvíslarskóla, en tjaldsvæðið var lagnalega tengt skólahúsinu. Hluti endurnýjunar skólans fólst í miklum lagnaframkvæmdum sem urðu þess valdandi að útilokað var að halda tjaldsvæðinu opnu. Óskað er eftir því við bæjarráð að það staðfesti ákvörðun um lokun tjaldsvæðis á Varmárhól og að þeir sem hafa annast umsjón tjaldsvæðisins á Varmárhól verði upplýstir um þá ákvörðun og upplýst verði opinberlega að tjaldsvæðið á Varmárhól verði lokað um óákveðinn tíma.

Greinargerð:

Ljóst er að framkvæmdir við Kvíslarskóla munu halda áfram árið 2023 og því útilokað að tjaldsvæðið opni að nýju á yfirstandandi ári.

Í drögum deiliskipulagi Ævintýragarðs er gert ráð fyrir mögulegu tjaldsvæði til framtíðar neðar í Ullarnesgryfjum. Núverandi staðsetning og framkvæmd við útfærslu var ávallt hugsuð til bráðabirgða. Útfærsla tjaldsvæðis á þeim stað tók mið af því að um bráðabirgða ráðstöfun var að ræða. Mikilvægt er því að mótuð verði stefna um framtíð og staðsetningu tjaldsvæða í Mosfellsbæ og hvort að einkaaðilar séu mögulega betur til þess fallnir að annast slíkan rekstur. Benda má á að nú þegar er tjaldsvæði rekið í Mosskógum í Mosfellsdal.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri